



Forsætisnefnd

Tillaga um stofnun umhverfis- og skipulagsráðs

Á fundi borgarstjórnar þann 7. júní 2022 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að stofna umhverfis- og skipulagsráð. Ráðið fari með umhverfis-, skipulags-, samgöngu- og byggingarmál og verði í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið í samráði við umhverfis- og skipulagssvið sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum skipulags- og samgönguráðs og umhverfis- og heilbrigðisráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir og fer með gildandi fullnaðarafgreiðsluheimildir þess ráðs.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðslu málsins

Helga Björk Laxdal
e.u.